

Ed.

534. Nefndarállt

um frv. til laga um mannanöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið algerlega sammála um frumvarp þetta. Minni hluti nefndarinnar, 5. landsk. (J. J.), aðhyllist frv. óbreytt. En meiri hlutinn, þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) og 1. þm. Rang. (E. P.), leggur það til, að háttv. deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Þeir islenskir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, er eldri eru en frá árinu 1913, halda þeim; sama er og um þá menn erlenda, sem til landsins flytjast.

- Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, er upp eru tekin síðan árið 1912, halda þeim alla æfi.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna »unglingaskólahalds í sýslum landsins« komi: rikissjóðs.

Alþingi, 11. maí 1925.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari og frsm. meiri hl.

Jónas Jónsson.